

## 7. gr.

Fyrirtækjum, sem nýta rétt sinn til greiðslu skv. 1. gr., er skylt að hlutast til um að starfsfræðslunámskeið fyrir fiskvinnslufólk verði fyrst og fremst haldin á þeim tíma sem vinnustöðvun varir. Verði því með engu móti við komið á fyrirtæki rétt á greiðslu fyrir þær vinnslustundir hvers starfsmanns sem tapast vegna setu á námskeiðum sem haldin eru að opinberri tilhlutan, þó ekki meira en 40 stundir vegna hvers einstaklings. Þegar svo stendur á fer um tilkynningu og ákvörðun greiðslu eftir ákvæðum 2. gr. eftir því sem við á. Auk þess er þar greinir skal leggja fram staðfestingu þess aðila, er stendur fyrir námskeiði, um námskeiðahaldið, tíma og efni. Greiðslur þessar teljast hluti þeirra greiðslna sem um ræðir í 1. gr.

Nú eru haldin námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja í fiskvinnslu, sem ekki fullnægja skilyrðum 2. mgr. 2. gr. um lágmarksfjölda starfsmanna, og skulu þá ákvæði þessarar greinar um greiðslur gilda um slík námskeið eftir því sem við á, enda fullnægi þátttakendur almennum skilyrðum til þess að fá fastráðningu að því er starfstíma varðar.

## 8. gr.

Greiðslur samkvæmt reglugerð þessari takmarkast við tímabilin 1. janúar til 31. maí og 1. september til 31. desember ár hvert.

Rísi ágreiningur um rétt fyrirtækis til greiðslu sker stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr.

## 9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 55 23. apríl 1985 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. janúar 1988.*

F.h.r.

**Jón Ingimarsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna u-beygju á Skúlagötu við Ingólfsgarð frá austri til austurs.

Ákvörðun þessi tekur gildi 24. febrúar 1988.

*Lögreglustjórnin í Reykjavík, 15. janúar 1988.*

**Böðvar Bragason.**